

Ed.

428. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um almenningseldhús.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin getur fallist á, að veittar sjeu þær 4000 kr., sem um ræðir í tillögunni, til þess að styrkja Reykjavíkurborg til þess að koma á fót og reka almenningseldhús í kaupstaðnum næsta vetur, en að öðru leyti ráði

bæjarstjórn aðferðinni við að koma fyrirtækinu á stofn, eins og líka fyrirkomulaginu á rekstri þess. Samkvæmt þessu leggur nefndin til, að deildin samþykki eftirfarandi breytingar á tillögnum.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1. Í stað orðanna: »tveim mönnum . . . komið á fót« komi:
»Reykjavíkurborg 4000 króna styrk úr landssjóði til þess að koma á fót og reka almenningseldhús í kaupstaðnum næsta vetur«.
- 2: Í stað orðsins í fyrirsögninni: »almenningseldhús« komi:
»styrk til almenningseldhúss í Reykjavík«.

Alþingi, 29. júní 1918.

Jóh. Jóhannesson,
formaður.

Eggert Pálsson,
ritari.

Karl Einarsson.

M. J. Kristjánsson.

Hjörtur Snorrason.